

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Skýrsla frá Kíwanisklúbbnum Emblu á Akureyri, apríl 2015.

Það sem hefur á daga okkar drifið síðan á síðasta svæðisráðsfundi er bara ýmislegt. Við gerðum fjölmargar jólaskreytingar og seldum fyrirtækjum á Akureyri, innkoman fór beint í styrkarsjóð. Við fréttum af ungri stúlku sem lenti á reiðhjóli undir bíl og gáfum við henni nýjan hjálm. Við héldum jólafund með mökum í desember og fórum í jóga í janúar. Febrúar var hefðbundinn en í mars héldum við sameiginlegan fund með félögum okkar í Skildi fjallabyggð og tókst sá fundur með miklum ágætum, mikið gert til gamans, góður matur og gott glens. Við styrktum einn ungann mann hér á Akureyri sem er að fara á Ólympíuleika fatlaðra og aðalstyrktarverkefnið okkar í ár er ljós sem lýsir upp æðar í börnum og munum við gefa Svæfinga-og gjörgæsludeild Sjúkrahússins á Akureyri þetta ljós. Gaman er að segja frá því að eitt barn á okkar vegum mun fara í sumarbúðir Kiwanis í Tékklandi á sumri komanda. Nefndir starfa vel, við höfum aðeins skoðað klúbbalögin og hjálmanefnd fundar reglulega þessa dagana því framundan er hjálmaafhending, en í ár eru komin 25 ár frá fyrstu hjálmaafhendingu hér á Akureyri og því mun verða sérstaklega glæsileg afhending með frægum tónlistarmönnum og haldið samtímis Kíwaniskynningu sem verður á Glerártorgi 2 og 3 maí. Okkur fjölgar ekki neitt og fækkar ekki heldur og því ættum við að fá bikar fyrir að halda sama félagafjölda árum saman, en mikill barningur virðist vera að halda félögum í hreyfingunni svo ég nefni nú ekki nýliðun á nafn. Framundan er aðalfundur, sumarfundur á kaffihúsi og að lokum sumaráttíð Óðinssvæðis. Við stefnum á metþátttöku á umdæmisþingið í Vestmannaeyjum og hlökkum mikið til. Við þökkum félögum okkar fyrir veturinn og óskum ykkur sólríks sumars ☺

Með bestu kveðju
Anna Rósa Magnúsdóttir
Forseti Emblu